Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs

Kópavogi, 13. desember 2023
2312226/005.05 BR

Efni: Svar við fyrirspurn varaáheyrnarfulltrúa Indriða Inga Stefánssonar

Á fundi bæjarráðs þann 7. desember 2023 var lögð fram fyrirspurn varaáheyrnarfulltrúa, Indriða Inga Stefánssonar, varðandi ráðstafanir gagnvart framkvæmdum þriðja aðila á bæjarlandi sem tefjast óhóflega.

Þegar óháðir aðilar fyrirhuga framkvæmd þar sem vænta megi raski á bæjarlandi, þurfa þeir að óska eftir afnotaleyfi af bæjarlandi. Þessir óháðu aðilar geta verið einkaaðilar í lóðarframkvæmdum innan eigin lóðar en þurfa að raska t.d. gangstétt til að koma fyrir girðingu á lóðarmörkum, verktakar í húsbyggingu sem þurfa að tímabundna aðstöðu fyrir vöru aðkomu t.d. steypubíla, séu slík skilyrði ekki tilgreind í byggingarleyfi útgefið af byggingarfulltrúa eða veitufyrirtæki sem eru að endurnýja lagnir í jörðu.

Greitt er fyrir afnot af bæjarlandi í samræmi við gjaldskrá umhverfissviðs en ekki hefur verið gerð sú krafa að veitufyrirtæki greiði slíkt gjald þar sem um er ræða lagnir sem sinna almannaheill og almannaþjónustu.

Í afnotaleyfi er gerð sú krafa að merkingar vinnusvæðisins séu í samræmi við gildandi reglur um vinnusvæðamerkingar, að framkvæmdin valdi sem minnstum óþægindum fyrir vegfarendur, að svæðið skilist ekki í verra ástandi en það var áður en framkvæmdir hófust og að öllu rusli og jarðvegi sé fargað í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi.

Stjórn framkvæmda og verkeftirlit er á höndum leyfishafa en gatnadeild umhverfissviðs fylgist með að skilyrðum í afnotaleyfi sé fylgt. Ekki er skilgreindur neinn starfsmaður á gatnadeild sem sinnir slíku eftirliti og ekki er gert ráð fyrir neinu stöðugildi til að sinna slíku. Í Reykjavík eru 3,5 stöðugildi í slíku eftirliti og ef horft er til íbúafjölda væri í Kópavogi um það bil eitt stöðugildi ef fylgja ætti Reykjavík í þessum málum.

Hvað varðar framkvæmdir á Kársnesbraut, þá var samsvarandi erindi svarað á 168. fundi umhverfis- og samgöngunefndar þann 17. október síðastliðinn. Tilgangur verksins var að endurnýja rafveitu- og hitaveitulagnir til að styrkja veitukerfi veitna á Kársnesi og auka dreifigetu kerfisins sökum mikillar uppbyggingar á svæðinu. Verkið gekk illa og urðu ýmis skakkaföll þess valdandi að það drógst fram úr hófi.

Sem útgefandi afnotaleyfis getur bærinn neitað um framlengingu leyfis ef framkvæmdir dragast en ljóst er að slík neitun myndi einungis tefja verkið enn frekar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

og er ekki mikið til unnið með slíkri neitun. Sökum tafanna var leyfishafa tilkynnt um að gjöld yrðu sett fyrir afnot á bæjarlands í samræmi við gjaldskrá umhverfissviðs þótt slíkt hefði ekki tíðkast þegar kæmi að framkvæmdum í almannaþágu. Ekki kom þó til að þau gjöld væru innheimt þar sem verkið kláraðist áður en til þess kæmi.

Virðingarfyllst,

Kópavogsbær Umhverfissvið

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026